# Á fætur í Fjarðabyggð

## Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna 20. Til 27. Júní 2015

### Laugardagur 20.júní

**Kl. 10:00.**

**1. Göngu og bátsferð á Barðsneshorn og Sandfell 577 m**  + 
**Mæting á bryggjunni við Safnahúsið í Neskaupstaðar þaðan sem bátur flytur fólk að Barðsnesi.**
**Þrár útfærslur eru í boði:**

1. Gengið frá Barðsnesbænum, út með Rauðubjörgum og yfir á Mónes. Steingervinga í fjörunni leitað. Gengið út á Barðsneshorn og þaðan inn á Barðsnes. Leiðsögumaður Sævar Guðjónsson
2. Gengið í Síðuskarð og þaðan á Sandfell. Komið við í Afréttarskarði í bakaleiðinni og eggin gengin út að Skollaskarði. Leiðsögumaður Kristinn Þorsteinsson.
3. Styttri söguganga á Barðsnesi með viðkomu í Skollaskarði á Vatnshól og við Rauðubjörg. Leiðsögumaður er Sigurborg Hákonardóttir.

Báturinn tekin til baka um kl. 18:00. Fararstjóri Sævar Guðjónsson, 698 6980.
Verð kr. 4.000 (bátsferð innifalin).

**Skráning er hjá Sævari Guðjónssyni, 698 6980, mjoeyri@mjoeyri.is,**
**<u>fyrir kl. 12.00 föstudaginn 19. júní</u>.**

**Kl. 20:00**

**2. Sólstöðuganga á Grænafell í Oddsdal** 
**Mæting við upphaf gönguleiðarinnar um Op á Oddsdalnum.**
Gengið frá bílastæðinu við Hengifossána, út með Rauðatindi og út á austurbrún Grænafells. Frábært útsýni yfir Hellisfjörð,Oddsdal og Seldal. Þægileg ganga og ekki mikil hækkun. Fararstjóri er Þórður Júlíusson 8918036. Verð kr. 1.000.

**Kl. 21:00**
**Kvöldvaka í Randulffs-sjóhúsi Eskifirði**
Í umsjá Ferðaþjónustunnar Mjóeyri við Eskifjörð.
Lifandi tónlist. Randúlfarnir sjá um fjörið. Verð kr. 1.000.

### Sunnudagur 21.júní

**Kl. 10:00**

**3. Gönguferð frá Viðfirði um Sandvík til Vöðlavíkur** (17 km) 
**Mæting við afleggjarann til Vöðlavíkur kl. 09:30. Gangan hefst á Klifinu innst í Viðfirði (4x4).**
Gengið upp Súlnadal um Nónskarð til Sandvíkur. Haldið hæð í víkinni, undir Skúmhetti og þaðan um Gerpisskarð, Gerpisdal og Einstigi að eyðibýlinu Vöðlum í Vöðlavík. Bílarnir sóttir í Viðfjörð. Fararstjóri er Sævar Guðjónsson, 698 6980. Verð kr. 3.000.

**Kl. 17:00**

**4. Fjölskylduganga í Vöðlavík** 
**Mæting við Karlsstaði, skála Ferðafélags Fjarðamanna í Vöðlavík (4x4).**
Ekið frá skálanum út að Vöðlum og gengið þaðan út á Landsenda. Minjar um útræði frá Vöðlahöfn o.fl. skoðað. Fararstjóri er Elías Jónsson, 8448570. Verð kr. 1.000

**Kl 19:00**
**Strandpartý á sandinum í Vöðlavík (4x4)**
Í umsjá Ferðaþjónustunnar Mjóeyri og Ferðafélags Fjarðamanna.
Mæting við berggangínn Refshala utan við eyðibýlið Vöðla á norðanverðum sandinum.
Varðeldur, Sandkastalasmíði, leikir og lifandi tólist. Grillveisla í boði Fiskimiða ehf.

**Mánudagur 22.júní**

**Kl. 10:00.**

**5. Hólafjall  milli Seldals og Fannardals** (1.001m/Eitt af fjöllunum fimm í gönguvikunni)
**Mæting við bæinn Seldal í Norðfirði.**
Gengið frá bænum um Selheiði út á Hólafjallseyra þaðan sem gengið er á fjallið.
Glæsilegt útsýni yfir Seldal, Fannardal og út Norðfjörð. Fararstjóri er Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.
Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:30**

**6. Fjölskylduganga að Hólatjörnum í Fannardal Norðfirði**
Mæting innan við Naumamel í norðanverðum Fannardal.
Gengið upp á Naumamelinn og þaðan upp með Hólatjörnum. Tjarnirnar og lífið við þær skoðað og sögur sagðar. Fararstjóri er Laufey Sveinsdóttir, 8633623. Verð kr. 1.000.

**Kl. 21:00**
**Kvöldvaka á Skorrastað í Norðfjarðarsveit**
Í umsjá Ferðafélags Fjarðamanna og Skorrahesta.
Lifandi söngur og farið í leiki. Veitingar í boði Síldarvinnslunnar

**Þriðjudagur 23.júní**

**Kl. 10:00**

**7. Fjallið Andri í Eskifirði** (901m/Eitt af fjöllunum fimm í gönguvikunni)
**Mæting við eyðibýlið Veturhús í norðanverðum Eskifjarðardal.**
Gengið upp með Innri-Þverá upp í Þverárdal og þaðan upp með suðurhorn fjallsins.
Mikið útsýni meðal annars yfir Eskifjörð, Eskifjarðarheiði, Harðskafa og jökulinn Fönn.
Fararstjóri. Kristinn Þorsteinsson, 864 7694. Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:15**

**8. Fjölskylduganga niður með Hellisá**
**Mæting Hellisá við norðanverðan Reyðarfjörð þar sem sameinast er í bíla.**
Lagt af stað frá skíðaskálanum í Oddsskarði kl. 17:30 og gengið niður á Vegahnjúk neðst í Sellátradal. Þaðan gengið niður með austurbrún árgilsins niður að Óskafossi sem er neðst í ánni. Hægt er að fara á bakvið fossinn og óska sér. Bílarnir sóttir að skíðaskálanum.
Fararstjóri Sævar Guðjónsson, 698 6980. Verð í göngu kr. 1.000

**Kl. 19:00**
**Kvöldvaka og grillveisla við Hellisá**
Í umsjón Ferðaþjónustunnar Mjóeyri við Eskifjörð. Sögur sagðar, grill og kvöldvaka í boði Landsbankans. Lifandi tónlist.

## Miðvikudagur 24.júní

**Kl. 10:00**

**9. Fjallið Teigagerðistindur í Reyðarfirði** (919m/Eitt af fjöllunum fimm í gönguvikunni)
**Mæting á skógræktarvegi austan við vinnubúðirnar á Haga í Reyðarfirði.**
Gengið frá skógræktinni og upp í Ljósárdal. Gengið inn dalinn og upp úr honum að norðanverðu. Kíkt niður í Skotin Eskifjarðarmegin. Þaðan gengið út á tindinn. Mögulega gengið á Miðaftanstind í leiðinni. Steinboginn í Teigagerðistindi skoðaður og svo haldið niður skammt innan við hann.
Glæsilegt útsýni yfir Reyðarfjörð. Fararstjóri er Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.
Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:30**

**10. Gönguferð við Geithúsaárgil fyrir alla fjölskylduna**
**Mæting við Geithúsaárgilið Grænafellsmegin.**
Gengið upp með gljúfrinu að vestanverðu og yfir ána ofan við gljúfrið.
Þaðan haldið niður með gljúfrinu að austanverðu. Ægifagurt útsýni.
Fararstjóri er Sigurbjörn Marinósson, 4741203.
Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:00**
**Kvöldvaka í Grænafelli Reyðarfirði**
í umsjá Ferðafélags Fjarðamanna.Farið í leiki o.fl.
Lifandi tónlist með Andra Bergmanni, Jóhönnu og Hjördísi Seljan.
Grillveisla í boði Egersund Island.

## Fimmtudagur 25.júní

**Kl. 10:00**

**11. Gengið á fjallið Steðja í Stöðvarfirði** (722m/Eitt af fjöllunum fimm í gönguvikunni)
**Mæting á bílastæði við tjaldsvæðið á Stöðvarfirði.**
Gengið frá tjaldstæðinu upp Klifbotna, meðfram Votabergi og upp undir Lambaskarð, þaðan sem gengið er meðfram brúnum fjallsins á tindinn. Fararstjóri er Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.
Verð kr. 1.500.

**Kl. 17:30**

**12. Fjölskylduganga í Fáskrúðsfirði**
**Mæting við bæinn Dali í Fáskrúðsfirði.**
Gengið inn frá bænum Dölum að Hrútá og til baka með Dalsá.
Fossar í ánni skoðaðir og farið á bakvið Hrútárfoss
Fararstjóri Ármann Elísson í Dölum 868 9589.
Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:30**
**Kvöldvaka og veitingar í Pálsbúð, Kolfreyjustað við norðanverðan Fáskrúðsfjörð.**
**Verð kr. 1000.**

## Föstudagur 26.júní

**Kl. 10:00**

**13. Gengið  á Svartafjall** (1.021m/Eitt af fjöllunum fimm í gönguvikunni)
**Mæting á gamla Oddsskarðsveginum Eskifjarðarmegin.**
Gengið upp suðurhlíðar fjallsins og haldnir verða örtónleikar á toppnum.
Hátíðleg stund í lokin, þar sem verið er að klára fjöllin fimm.
Fararstjóri er Sævar Guðjónsson, 698 6980.
Verð kr. 1.500.

**Kl. 14:00**

**14. Gönguferð af Vöðlavíkurheiði á Álffjall**
**Mæting á Vöðlavíkurheiði.**
Gengið frá heiðinni út með Stórafelli og yfir Sléttaskarð að Álffjalli.
Glæsilegt útsýni yfir Reyðarfjörð, Vöðlavík og Karlsskálafjall.
Fararstjóri er Sævar Guðjónsson, 698 6980.
Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:00**
**Kvöldvaka í Tónlistamiðstöð Austurlands Eskifirði**
Útskriftartónleikar TFÍH - Garðar Eðvaldsson.
Garðar Eðvaldsson kemur með útskriftartónleika sína austur í Tónlistarmiðstöð Austurlands. Níu manna sveit einvala hljóðfæraleikara, flytur frumsamið efni Garðars. Tónleikarnir eru rétt um klukkustund í flutningi. Við lofum skemmtilegum, metnaðarfullum og jafnframt spennandi tónleikum!
Aðgangur kr.1000.

## Laugardagur 27. júní

**Kl. 09:00**

**15. Helförin - gönguferð frá Eskifirði til Reyðarfjarðar (20km)**
Mæting við eyðibýlið Veturhús í norðanverðum Eskifjarðardal.
Gengið frá Veturhúsum inn dalinn, yfir Víná, Hrævarsskörð og Svínadal að Íslenska Stríðárasafninu á Reyðarfirði. Tekið á móti göngugörpum við safnið í lok ferðar.
Fararstjóri er Sævar Guðjónsson, 698 6980.
Verð kr. 2.500. Aðgangur að safninu innifalinn í verði.

**Kl. 20:00**
**Vegleg lokakvöldvaka á Mjóeyri**
Útisvið, lifandi tónlist, varðeldur, veittar viðurkenningar Gönguvikunnar o.fl.
Grillveisla í boði Eskju.

**Kl. 21:30**
**Sjóhúspartí á Randulffs sjóhúsi**
Andri Bergmann Þórhallsson sér um fjörið.
18 ára aldurstakmark. Aðgangur kr. 1.000.

Allar gönguferðirnar eru staðsettar á leiðarkort göngu- og gleðivikunnar.

**Við viljum benda gestum Á fætur í Fjarðabyggð, að taka þátt í dagskrá Hernámsdagsins á Reyðarfirði sem hefst strax að lokinni göngu- og gleðivikunni.**

**Frítt er fyrir 16 ára og yngri í göngu- og gleðivikuna**, en skilyrði er að börn séu í fylgd með fullorðnum.

# Gagnlegar upplýsingar

**Vikukort á góðu verði**
Gönguvikukort veitir aðgang af öllum viðburðum gönguvikunnar.
Vikukortið fæst hjá Ferðaþjónustunni Mjóeyri, Tanna travel, á Randulffs-sjóhúsi og hjá fararstjórum göngu- og gleðivikunnar og kostar kr. 15.000.

**Fyrir unga göngugarpa**
Skemmtilegt og fræðandi náttúrunámskeið verður gönguvikudagana frá kl. 09:30-12:30 á vegum Náttúrustofu Austurlands og Ferðaþjónustunnar Mjóeyri. Nánari upplýsingar og bókanir hjá Berglindi, 696 0809 / 477 1247. Frítt er fyrir börn yngri en 16 ára, en skilyrði er að börn séu í fylgd fullorðinna.

**Gönguvikufjöllin fimm**
Hólafjalla milli Seldals og Fannardals (.1001m), Andri í Eskifirði (901m), Teigagerðistindur í Reyðarfirði (919m), Steðji í Stöðvarfirði (722m) og Svartafjall við Oddsskarð (1.021m).

**Fjallagarpur gönguvikunnar**
Til þess að hljóta nafnbótina **Fjallagarpur gönguvikunnar** þarf að safna stimplum hjá fararstjórum fyrir hvert gengið fjall. Fullstimpluðu skjal er afhent fararstjóra í lok síðustu göngu og er veitt viðurkenning, á lokakvöldvöku göngu- og gleðivikunnar, fyrir afrekið. Unglingar, 15 ára og yngri fá einnig viðurkenningu eftir að hafa gengið á þrjú af fimm verðlaunafjöllunum að eigin vali.

**Sundlaugar í Fjarðabyggð:**
**Norðfjörður**: Útilaug með vatnsrennibrautum, pottum, gufubaði, líkamsræktarstöð og frábærri sólbaðsaðstöðu. Opið virka daga kl. 06:00-20:00 og kl.10:00-18:00 um helgar. **Eskifjörður:** Útilaug með vatnsrennibrautum, heitum pottum, gufubaði og líkamsræktarstöð. Opið virka daga kl. 06:00-20:00 og kl.10:00-18:00 um helgar. **Fáskrúðsfjörður**: Notaleg innilaug. Opið virka daga 16:00-19:00 og kl. 10:00-13:00 á laugardögum. **Stöðvarfjörður:** Lítil útilaug með heitum potti. Opið virka daga 13:00-19:00 og 13:00-17:00 um helgar.

**Göngukort Ferðafélags Fjarðamanna og Göngufélags Suðurfjarða**
Ómissandi kort fyrir útivistarfólk með gönguleiðum í Fjarðabyggð.
ortið fæst á eftirtöldum stöðum:

| | |
|---|---|
| Neskaupstaður: | Fjarðasport, Nesbær og Hótel Edda |
| Eskifjörður: | Randulffs-sjóhús, Shell skálinn og Ferðaþjónustan Mjóeyri. |
| Reyðarfjörður: | Söluskáli Olís, Veiðiflugan og Íslandspóstur. |
| Stöðvarfjörður: | Brekkan |
| Mjóifjörður: | Sólbrekka |
| Egilsstaðir: | Upplýsingamiðstöð ferðamanna |



